**Ed.** **608. Nefndarálit** [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu þessa frv. Leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl., sem er frv. andvígur, mun skila séráliti.

Meiri hl. leggur áherzlu á það, að nauðsyn er að taka tryggingamál fiskiflotans fastari tökum en gert hefur verið, og væntir þess fastlega, að hæstvirt ríkisstjórn undirbúi löggjöf um það efni, sem tekið geti gildi frá næstu áramótum.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.

Jón Árnason.